Nd. **333. Frumvarp til laga** [168. mál]

um breyting á lögum nr. 4 6. mars 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Ellert B. Schram.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Launakjör alþingismanna skulu ákveðin af Kjaradómi. Kjör alþingismanna að öðru leyti, svo sem húsnæðis-, dvalar- og ferðakostnaður, skulu sömuleiðis ákveðin af Kjaradómi að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar. Launin greiðast mánaðarlega og hefjast greiðslur frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag.

Varamaður nýtur þingfararkaups þann tíma er hann situr á þingi.

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, á rétt á þingfararkaupi og nýtur að öllu leyti þeirra fríðinda, sem alþingismönnum eru ákveðin í lögum þessum.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Alþingismaður, sem um þingtímann verður að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd vegna fjarlægðar frá heimili sínu, á rétt á að fá greiddan eftir reikningi kostnað við hæfilegt húshald til íbúðar, meðan Alþingi stendur yfir. Kjaradómur ákveður hámark húsnæðiskostnaðar, að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar. Þingmaður utan Reykjavíkur eða nágrennis, er býr í eigin húsnæði, fær þó greiddan húsnæðiskostnað eftir mati.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Kjaradómur, að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar, ákveður dvalarkostnað yfir þingtímann fyrir alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur.

Ákvæði í 1. málsgr. gildir þó ekki um þá alþingismenn, sem fasta atvinnu hafa í Reykjavík við önnur störf, meðan Alþingi stendur yfir.

4. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Alþingismaður fær á ári hverju fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög í kjördæmi sínu. Kjaradómur, að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar, ákveður fjárhæð þessa. Heimilt er að hafa upphæðina misháa eftir kjördæmum.

Landskjörinn þingmaður fær sama ferðakostnað og þingmaður í því kjördæmi, þar sem hann er í framboði.

5. gr.

8. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frumvarps hafa verið þeirrar skoðunar, að laun alþingismanna skuli ákveðin af Kjaradómi, og fluttu frumvarp þess efnis fyrir fáum árum. Það frumvarp hlaut ekki afgreiðslu.

Launakjör alþingismanna hafa nú enn á ný verið í sviðsljósinu og margvíslegur misskilningur skapast um þau, upphæð þeirra og tilurð, svo og kjör alþingismanna almennt. Þessar umræður hafa sýnt fram á nauðsyn þess, að lagaákvæði hér um valdi ekki ruglingi og þingmenn eyði þeirri tortryggni sem ríkjandi virðist um kjör þeirra.

Skv. lögum nr. 4 frá 1964, um þingfararkaup, 1. gr., skulu þingmenn njóta launa skv. launaflokki B 3 í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins. Í 8. gr. segir hins vegar að „ef almennar breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins, er þingfararkaupsnefnd heimilt að hækka eða lækka árslaun skv. 1. gr. að sama skapi".

Síðarnefnda ákvæðið hefur í raun litla sem enga þýðingu, þar sem launakjörin eru fastbundin skv. 1. gr. Þingmenn sjálfir taka því ekki ákvarðanir um laun sín, nema að því leyti að Alþingi og alþingismenn hafa löggjafarvaldið í sínum höndum.

8. gr. hefur hins vegar valdið útbreiddum misskilningi og nú, þegar leiðir hafa skilist með BSRB og BHM og launaflokkur B 3 er ekki lengur fyrir hendi, teljum við flutningsmenn frv. tímabært að það skref verði stigið, að Kjaradómur taki ákvörðun um laun þingmanna, eins og hann gerir varðandi kjör ráðherra og hæstaréttardómara, ráðuneytisstjóra o. fl. eftir atvikum.

Varðandi önnur kjör þingmanna hefur þingfararkaupsnefnd lögum samkvæmt ákveðið þau, svo sem ferða-, dvalar- og fæðiskostnað. Eðlilegt er að þau kjör hlíti sömuleiðis ákvörðunum Kjaradóms, en gert er ráð fyrir að þingfararkaupsnefnd hafi tillögurétt þar um.